



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

Hugvísindasvið

# **Um litarorðaförða í íslensku**

Ritgerð til B.A.-prófs

Étienne Ljóni Poisson

Maí 2011

**Háskóli Íslands**  
**Hugvísindasvið**  
**Íslenska sem annað mál**

# **Um litarorðaförða í íslensku**

Ritgerð til B.A.-prófs  
Étienne Ljóni Poisson

Kt.: 230988-3829

Leiðbeinandi: Jón Axel Harðarson prófessor

Maí 2011

## Formáli

Þessi ritgerð fjallar um liti. Ég ákvað að skrifa um liti vegna þess að þrátt fyrir góða kunnáttu í íslensku finnst mér ég oft ekki vera sammála Íslendingum þegar kemur að því að lýsa litum.

Maður spyr sig stundum hvort aðrir sjái lit á sama hátt. Þetta stafar af einkar huglægu eðli lita, enda torskilgreinanlegt fyrirbæri. Öll tungumál eru fær um að lýsa litum, en tungumál eru með mismörg og nákvæm orð um þá. Ólíkt hlutlægum hlutum eins og trjám eða steinum eru litir ekki eins takmarkaðir – menn eru stundum ósammála um það hvað einn eða annan lit ætti að kalla. Til dæmis eru ljósir hestar oft sagðir vera gráir á íslensku, en hvítir á frönsku.

Hvernig þróast litarorðaforði? Eru algildar reglur um það? Hvernig flokkast litarorð? Eru öll tungumál með orð yfir sömu litina? Hvaða áhrif hefur móðurmál manns á orðaval þegar kemur að því að lýsa lit? Hvað eru grundvallarlitarorð og hvers vegna eru ekki öll litarorð grundvallarlitarorð? Hvað hefur íslenska mörg litarorð? Hvaðan koma þau? Hversu mörg þeirra eru gamall arfur og hversu mörg eru af erlendum uppruna? Hvernig er íslenska frábrugðin móðurmáli mínu, Québec-frönsku?

Í þessari ritgerð verður reynt að komast að niðurstöðum um þessar spurningar. Með hjálp tveggja rannsakenda, Brents Berlins og Pauls Kays, og rannsókn þeirra á litum í tungumálum verður stefnt að því að reyna á kenningu þeirra um þróunarferli litarorða. Einnig verður reynt að þróa kenningu um eðli, aldur og stigveldi lita sem á sérstaklega við frumindóevrópsku og íslensku út frá verki Berlins og Kays. Síðan verður hugað að uppruna nýrri litarorða í íslensku og hvernig þau komust inn í málið, og verður fjallað um sérstöðu litarorðaforða íslenskunnar með tilliti til annarra evrópskra tungumála.

§1 Inngangur	2
§2.1 Kenning Berlins og Kays	3
§2.2 Aldurskenning	5
§3 Próun litarorðaforða í íslensku	6
§3.1 Aldur litarorða	6
§3.2 Trjágreining	8
§3.2.1 *bhel-	8
§3.2.2 *ghel-	11
§3.2.3 *reudh-	13
§3.2.4 *kúeid-	14
§3.2.5 *súerd-	15
§3.3 Niðurstaða	17
§4 Ný orð	19
§5 Sérstaða litarorðaforði í íslensku innan indó-evrópsku ættarinnar	22
§6 Lokaorð	25
§7 Heimildaskrá	28

## §1 Inngangur

Sem indóevrópskt tungumál deilir íslenska mörgum einkennum sínum með tungumálum nágranna sinna bæði nær og fjær. Samanburðarmálfræði getur veitt rannsakanda innsýn í þróunarsögu íslensku með tilliti til þróunar annarra tungumála. Þannig er hægt að komast að niðurstöðum um það, hvernig íslenska er frábrugðin öðrum tungumálum.

Öll tungumál eru fær um að lýsa umhverfi sínu. Lýsingarhæfni tungumáls eru að vísu misjöfn; sum tungumál eru með stærri orðaforða um hljóð, til dæmis finnska (Hakulinen 1961), en önnur um hreindýr, til dæmis samíska. Þessi sérhæfing orðaforða tungumáls endurspeglar í sumum tilfellum raunveruleika umhverfis málhafa og umheims þeirra. Stærri orðaforði samísku um hreindýr endurspeglar hreindýraræktun Sama. Stærri orðaforði finnsku um hljóð endurspeglar virka afleiðsluaðferð hennar til að búa til orð og sagnir yfir hljóð, en það á sér málvísindalega skýringu.

Hlutlægari hugtök, til dæmis *steinn*, eru líklegri til að fyrirfinnast í sem flestum tungumálum. Ekki er þó hægt að fullyrða að öll heimsins tungumál séu með orð um *stein* – sum tungumál eru krefjast kannski þess að gera alltaf upp á milli ákveðinna steintegunda, það er að segja milli stórs steins (hnullungs) og lítils steins (hellu).

Hins vegar sýna huglægari hugtök misjafna dreifingu í tungumálum. Þetta á sérstaklega við liti. Þó að hugtakið sé eflaust til í öllum tungumálum, þá er umfang hugtaksins mjög breytilegt eftir tungumálum. Þetta stafar að sumu leyti af því að ekki er unnt að afmarka liti á hlutlægan hátt nema með því að mæla bylgjulengd litanna. En þetta hefur ekki verið aðgengileg leið til að skilgreina liti á þeim tíma þegar litarorð ákveðins tungumáls þróuðust. Þaraf leiðandi eru tungumál með mismunandi grundvallarlitarorðaforða þó svo að allir geti séð (að mestu leyti) sömu litina.

Allir (burt séð frá sjónsjúkdómum) geta skilið greinarmun á mismunandi litum óháð móðurmáli sínu. Íslendingur getur gert upp á milli litarins sem er kallaður *rauður* en á við hár og litarins sem er kallaður *rauður* en á við blóð. Hann kallar báða liti rauða, en gerir samt greinarmun á þeim í huga sér; það er að segja hann þekkir muninn á liti rauðs hárs og rauðs blóðs þó svo að tungumálið geri það ekki.

Í þessari ritgerð skal hugað að grundvallarlitarorðum íslenskunnar, þróunarsögu þeirra og stöðu tungumálsins með tilliti til annarra tungumála innan indóevrópsku málaættarinnar í fjórum þáttum: í fyrsta lagi verður dregin upp mynd af þróun fimm grundvallarlitarorða í íslensku og séð hvort sú mynd samræmist kenningum um litarorð og aldur þeirra sem fjallað verður um hér að neðan. Í öðru lagi verður hugað að litarorðaförðum í íslensku og sérstaklega nýju litarorðunum og uppruna þeirra. Í þriðja og síðasta lagi verður gerð grein fyrir sérstöðu íslensks litarorðaförða og hvernig íslenska er frábrugðin öðrum tungumálum, sérstaklega Québec-frönsku.

## §2.1 Kenning Berlins og Kays

Árið 1968 kom út umfangsmesta rannsókn á litarorðum í 20 mismunandi tungumálum, *Basic Color Terms*. Rannsóknin var unnin af þeim Brent Berlin og Paul Kay hjá Berkeley Háskólanum í Kaliforníu. Markmið rannsóknarinnar var að kanna dreifingu litarorða í tungumálum og finna algildar reglur um hana. Rannsóknin fór þannig fram að Berlin og Kay létu málhafa 20 mismunandi tungumála skoða 329 litaspjöld og lýsa litunum. Berlin og Kay reyndu að finna hversu mörg grundvallarlitarorð hvert tungumál hafði og kortleggja þau á hlutlægan hátt. Til grundvallarlitarorða voru gerðar eftirfarandi kröfur (og reyndar fleiri sem hér eru ónefndar):

- Þau innihalda aðeins eitt les (ekki er hægt að brjóta orðið niður í sjálfstæðar merkingarbærar einingar eins og *djúprauður* (*djúp-* og *-rauður* eru tvær sjálfstæðar merkingarbærar einingar))
- Merking litarorðsins fyrirfinnst ekki í neinu öðru litarorði, til dæmis *skarlatsrauður* (tegund af rauðu)
- Litarorðið á ekki við þröngan flokk orða, til dæmis *jarpur* (sem á einungis við hesta eða hár)
- Litarorðið á að vera sálfræðilega áberandi (e. psychologically salient), það er að segja litarorðið er efst á listum málhafa, er með reglulega dreifingu meðal málhafa í sem flestum málaðstæðum og málsniðum.

Ein niðurstaða rannsóknarinnar var sú að öll tungumálin sem voru rannsökuð höfðu að minnsta kosti tvö grundvallarlitarorð, en að mesti fjöldi grundvallarlitarorða er 11: *hvítur, svartur, rauður, grænn, gulur, blár, brúnn, fjólublár, bleikur, appelsínugulur* og *grár*. Sum tungumál voru með tvö orð um einn lit, sem hækkar fjölda grundvallarlitarorða upp í 12. Aðrar niðurstöður vörðuðu algildar reglur um dreifingu litarorða, en þær voru eftirfarandi:

- Öll tungumál hafa að minnsta kosti tvö grundvallarlitarorð: *hvítur* (eða *ljós*) og *svartur* (eða *dimmur*).
- Ef tungumál hefur þrjú grundvallarlitarorð, þá hefur það orð fyrir rauða litinn.
- Ef tungumál hefur fjögur grundvallarlitarorð, þá hefur það orð fyrir græna eða gula litinn (en ekki báða).
- Ef tungumál hefur fimm grundvallarlitarorð, þá hefur það orð fyrir bæði græna og gula litinn.
- Ef tungumál hefur sex grundvallarlitarorð, þá hefur það orð fyrir bláa litinn.
- Ef tungumál hefur sjö grundvallarlitarorð, þá hefur það orð fyrir brúna litinn.
- Ef tungumál hefur átta eða fleiri grundvallarlitarorð, þá hefur það orð fyrir purpurarauða, bleika, appelsínugula og gráa litinn, eða þá samblöndu af þeim.

Þessar niðurstöður benda til undirliggjandi og eðlislægs stigveldis litarorða í öllum tungumálum. Þó svo að niðurstöður rannsóknarinnar séu enn umdeildar má segja að í grófum dráttum sé til staðar eftirfarandi stigveldi litarorða í flestum tungumálum:

↑ [ purpurarauður  
bleikur  
appelsínugulur grár ]

↑ [ brúnn ]

↑ [ blár ]

↑ [ grænn gulur ]

↑ [ grænn ] [ gulur ]

↑ [ rauður ]

↑ [ hvítur svartur ]

Þessi skýringarmynd sýnir að samkvæmt rannsókn Berlins og Kays eiga orðin *hvítur* og *svartur* að koma á undan öllum öðrum orðum í þróun litarorðaforðans í öllum tungumálum. Hér verður þetta kallað (stigveldis-) kenning Berlins og Kays.

## §2.2 Aldurskenning

Samkvæmt kenningu Berlins og Kays um stigveldisþróun litarorða ættu orð eins og *hvítur* og *svartur* að hafa orðið til á undan orðunum *rauður* og *blár*, til dæmis, en orð eins og *bleikur* og *appelsínugulur* ættu hins vegar að vera yngri. Hér verður sett fram ný kenning um að aldur litarorða sé í smæræmi við stigveldi þeirra. Því eldri sem litarorðin eru þeim mun meiri ætti afleiðsluvirkni og fjölbreytileika þeirra í afleiddum orðum að vera. Þessi kenning byggist á forsendum sem Berlin og Kay settu fram um að einfaldari litarorð eigi að þróast á undan öðrum í litarorðaforða tungumála. Hún verður kölluð aldurskenning hér eftir. Í þessari ritgerð verður rannsakað hvort stigveldis- og aldurskenning Berlins og Kays standist í samhengi íslensku og frumindóevrópsku. Greint verður á milli litarorða eftir því hvar þau eru á stigveldisskalanum, þ.e. fyrsta stigi (*hvítur*, *svartur*), öðru stigi (*rauður*), og svo framvegis.

Afstæðan aldur orðanna er erfitt að ákvarða með öruggum hætti. Ef hins vegar má sýna fram á að orð eru mynduð með afleiðsluaförðum sem eru orðnar óvirkar í tilteknu tungumáli, þá má líta á það sem sönnun þess að þau séu eldri en orð sem mynduð eru með virkum afleiðsluaförðum.



### §3 Þróun litarorða í íslensku

Íslenska er talin hafa íhaldssaman orðaforða, en hún mun hafa varðveitt um 97% af upprunalegum orðaforða (Campbell 2004:207) – það er að segja um 3% af honum samanstendur af orðum af erlendum uppruna. Ekkert annað lifandi germanskt tungumál hefur svo lágt hlutfall tökuorða. Á hinn bóginn hefur enska mjög hátt hlutfall tökuorða, eða um 40%. Einnig þykir íslenska sérlega íhaldssöm meðal germanskra tungumála að því er málfræði varðar, og þaraf leiðandi einnig afleiðsluaðferðir. Íslenska er því tilvalið tungumál til rannsóknar á myndun orðaforða. Sérstaklega ber að huga að þróun nútímaorðaforða íslenskunnar.

#### §3.1 Aldur litarorða

Eins og greint hefur verið frá má draga þá ályktun af rannsókn Berlins og Kays að litarorð sem fyrirfinnast í öllum tungumálum, það er að segja *hvítur* og *svartur*, hafi þróast á undan öðrum litarorðum. Aldurskenningin, sem var sett fram, gerir ráð fyrir að þessi orð séu eldri en önnur. Til þess að meta aldur orðs þarf að skoða myndunarhátt þess – því lengur sem rót hefur verið til, því líklegra er það að hún hafi alið af sér orð með mismunandi afleiðsluaðferðum, sem í tímans rás urðu áfram virkar eða óvirkar. Með öðrum orðum má segja að ef mörg orð deila sömu rót bendi til hás aldurs þessarar sameiginlegu rótar, þar sem eldri rætur hafa væntanlega af sér fleiri afleidd orð en nýrri rætur. Það er auðvitað ekki mögulegt að ákvarða aldur orðs mjög nákvæmlega einungis með orðsifjafræðilegri greiningu, enda er það ekki markmið þessarar rannsóknar. Með aldri er hér átt við huglægt þróunarstig frekar en nákvæma aldursákvörðun stefnt verður að því að draga upp afleiðslukort nokkurra litarorða og róta þeirra og þar með greina í fyrsta lagi hvort sum orð hafi orðið til á undan öðrum, og í öðru lagi hvort sumar rætur sýni færri einkenni eldra málstigs en aðrar.

Hér verður dregin upp trégreining fyrir fimm rætur í litarorðaforða frumindóevrópsku (eða frumgermönsku þegar við á) og afleidd orð þeirra í nútímaíslensku. Gengið er út frá því að þær rætur sem hafa alið af sér flest rótarafbrigði séu elstar; það eitt að af ákveðinni rót séu leidd mörg orð bendir þó ekki sjálfkrafa til þess að hún sé eldri en aðrar rætur. Margt kemur hér til greina að því er virkni tiltekinnar rótar varðar – merking sumra róta býður upp á fleiri

afleiðslur en merking annarra róta. Til dæmis eru orð sem tengjast menningarlega mikilvægum hugtökum eins og 'ljósi' líklegri til að ala af sér fleiri orð:

There is an extensive reconstructed vocabulary relating to brightness, so much so that a perusal of some etymological dictionaries gives one the impression that the central concepts of the Indo-Europeans might be reduced to 'bright' and 'swell'. Darkness has a much more limited vocabulary associated with it. (J. P. Mallory & D. Q. Adams 2006:328)

Því verður ekki hugað að summu allra afleiddra orða einnar rótar, heldur að því hve margar greinar (hér kallaðar undirrætur) rótarinnar koma fram í trjágreiningunni. Fjöldi greina (undirróta) ætti að gefa nákvæmari vísbendingar um aldur en fjöldi þeirra orða sem til eru af ákveðnum rótum í nútímamáli. Því fleiri sem greinarnar eru þeim mun eldri ætti rótin að vera.

Grundvallarlitarorð verða valin út frá meintri upprunalegri merkingu þeirra – það er að segja trjágreiningin mun ekki byggjast á merkingarfræðilegum grunni íslensku heldur á merkingu grunnrótarinnar. Orð sem leidd eru af einstökum rótum kunna að spanna mjög vítt merkingarsvið, svo að orðin í greiningunni geta haft merkingu sem er ólík upprunalegri merkingu viðkomandi rótar.

Hér verður stuðst við Íslenska orðsifjabók Ásgeirs Blöndals Magnússonar og myndir sem hann tilfærir Frumindóevrópskar rætur sem þar eru endurgerðar í einföldu formi sem hentar þessari rannsókn. Einnig verður stuðst við The American Heritage Dictionary of Indo-European Roots eftir Calvert Watkins og The Oxford Introduction To Proto-Indo-European and The Proto-Indo-European World eftir J.P. Mallory og D.Q. Adams.

## §3.2 Trjágreining

Skýringarmyndirnar hér að neðan sýna meinta þróun fimm róta og afleiddra orða þeirra. Ræturnar voru valdar út frá merkingunni þeirra en ekki merkingu afleiddu orðanna. Fyrsta rótin lýtur að ljósum lit og er því neðst á skala Berlins og Kays, en hún er *\*bhel-* ‘ljóma, skína’. Önnur rótin, *\*ghel-* „að skína, [...]”, skírskotar til lita, bjartra efna, gulls (líkalegast „guls efnis“) og galls“ (Watkins 2000:29) og ætti því að vera svipuð rótinni *\*bhel-* í þróun og afleiðsluvirkni. Þriðja rótin er *\*reudh-* ‘rauður’, en aldurskenningin spáir fyrir um að hún ætti að vera yngri og því ofar á skalanum en hinar tvær ræturnar. Fjórða rótin er *\*k̑ueid-* ‘hvítur’, en fimmta rótin er *\*s̑urd-* ‘svartur’. Fimmta rótin kemur fram í afleiðslunni *\*swarta-* í frumgermönsku, en hér verður stuðst við þá mynd þar sem flestar heimildir eru um hana. Í þessari rannsókn verður talað um rætur og undirrætur. Undirrætur eru rætur sem annaðhvort er leiddar af eldri rót eða þá skyldar annarri rót, en skyldleiki aðalrótar og undirrótar við aðalrót kann að vera orðinn óskýr. Hér verður þó gert ráð fyrir einhvers konar skyldleika þar sem ekki er leitast við að draga upp nákvæma mynd af orðsifjum hvers orðs heldur sýna möguleg innbyrðis tengsl til að undirstrika mikla virkni eða óvirkni í afleiðslu orða af skyldum rótum.


### §3.2.1 *\*bhel-*

Skýringarmynd 1 sýnir upprunalegu rótina *\*bhel-* og fimm afleiddar rætur auk tveggja undirróta (alls 8 rætur). Þessi flokkun byggist á heimildum Ásgeirs Blöndals Magnússonar og Calverts Watkins. Í orðsifjabók Ásgeirs er frumindóevrópska rótin tilfærð án frekari útskýringa, en Watkins segir að *\*bhel-* sé upprunalega rótin og að hinar séu með rótarauka (e. *extended*). Það er því ekki fullt samræmi milli mynda Ásgeirs og Watkins. Rótin *\*bhleg-* er flokkuð sem sérstök rót af J.P. Mallory og D. Q. Adams, en þeir halda því fram að hún hafi merkt eitthvað sem tengist eldi; „[...] in Lat *flamma* ‘flame’, *fulmen* ‘lightning’, NE *black*, i.e. ‘burned’, and Greek and elsewhere (e.g. Grk *phlégō* ‘burn’, Av *brāzaiti* ‘gleams, shines’, Skt *bhrājate* ‘gleams, shines, glitters’, Toch AB *pālk-* ‘shine’), which may suggest again an association with the brightness of fire” (J. P. Mallory & D. Q. Adams 2006:329). Hins vegar verður gert ráð fyrir að einhver nánari skyldleiki sé á milli rótanna *\*bhel-* og *\*bhleg-* þar sem þær eru bæði

hljóðfræðilega og merkingarfræðilega mjög nánar. Sama má segja um myndina \*bhleig-, en heimildir eru ósammála um lengd tvíhljóðsins (sumar gefa -e-, aðrar -ē-, og jafnvel - ě -).

Allar afleiðsluaðferðir sem sjást á skýringarmyndinni eru í dag óvirkar á rótarstiginu, en þær virðast vera frekar óreglulegar, enda mætti efast um hvort um sé að ræða afleiðsluaðferðir eða samhljóða rætur. Öll orð tekin sem dæmi hér virðast sýna afleiðsluaðferðir sem eru ekki lengur virkar í íslensku.


Skýringarmyndin inniheldur tvö grundvallarlitarorð – *bleikur* og *blár*. Undirræturnar sem orðin eru mynduð af tilheyra ekki sama afleiðslustigi – það er að segja undirrótin \*bhlē- er leidd af hinni upphaflegu rót \*bhel- og ekki af annarri afleiddri undirrót. Undirrótin \*bhleig- er flokkuð hér sem afleidd rót (með rótaraukanum -g-) af undirrótinni \*bhlei-. Þetta brýtur ekki í bága við kenningu Berlins og Kays sem spáir fyrir um að orðið *bleikur* komi til á öðru og seinna þróunarstigi orðaforðans en orðið *blár*.



### §3.2.2 \*ghel-

Skýringarmynd 2 sýnir upprunalegu rótina \*ghel- og fimm afleiddar rætur auk sex undirróta og eins flokks orða án nánar skilgreindrar rótar. Samtals eru ræturnar 11, en það er tiltölulega meiri fjöldi heldur en fyrir rótina \*bhel-. Hins vegar spanna ræturnar miklu víðara merkingarsvið og sýna meiri og breytilegri (og óregulegri) afleiðsluvirkni. Merkingar- og/eða hljóðfræðilegri þyrpingu (e. clustering) mætti kenna um svo viðamikið merkingarsvæði, en þyrping er höfð um það þegar orð sem deila merkingu sinni á einn eða annan hátt (yfirleitt á frekar lausan hátt) deila einnig hljóði sínu, eða þegar orð þyrpast saman eftir merkingu og hljóði – það er að segja (oftast upphafs-) hljóð ákveðinna orða benda til merkingar þeirra. Sem dæmi um þetta í íslensku má nefna að fjölmörg orð sem byrja á samhljóðunum sp(C)r- tákna einhvers konar skyndilega hreyfingu; *springa, spretta, spraka, sprikla, sparka, spyrna, sporna* og svo framvegis. Orð sem deila hljóði líkjast í merkingu. Þetta kann að skýra hvers vegna merkingarsvið rótanna sem leiddar voru af \*ghel- er svo óvenju viðamikið. Flokkur orða án nánar skilgreindrar rótar samanstendur af orðum sem virðast tengjast upprunalegu rótinni beint eða óbeint, en Ásgeir gerir ekki nógu skýrra grein fyrir uppruna þeirra eða þá fyrir því hvernig orðin tengjast upprunalegu rótinni. Rótin \*ghel- spannar reyndar svo vítt merkingarsvið að það má velta því fyrir sér hvort afleiddu orðin eru virkilega samstofna eða hvort um tilviljun eða merkingar- eða hljóðfræðilega þyrpingu er að ræða – það sem hér er túlkað sem undirrætur hefur kannski fát með upprunalegu rótina að gera fyrir utan það að upphafshljóð þeirra er það sama. Samt sem áður verður hér gert ráð fyrir því að ræturnar séu skyldar á einn eða annan hátt, þar sem þyrping þykir eðlilegur hlutur í myndun orðaforða og því er engin ástæða til að álíta þessar rætur ekki gildar í þessari rannsókn.


Rótin \*bhel- inniheldur tvö grundvallarlitarorð en hefur færri afleiddar rætur. Hinsvegar virðist \*ghel- ekki hafa alið af sér fleiri grundvallarlitarorð en orðið *gulur*.



skýringarmynd 2

### §3.2.3 \*reudh-

Skýringarmyndin 3 sýnir rótina *\*reudh-* og orð sem af henni eru leidd. Auk upprunalegu rótarinnar (sem er einnig til í hvarfstigi) er ein undirrót, það er *\*rudh-s*. Þetta er miklu einfaldari trjágreining en hinar tvær. Samkvæmt aldurskenningu Berlins og kays hefði mátt búast við þessari niðurstöðu, enda voru hinar tvær ræturnar á fyrsta þrepi á stigveldisskala litarorða (báðar flokkast undir „ljós“) en þessi er á öðru þrepi og því ofar á skalanum. Ólíkt orðunum sem leidd eru af fyrri tveimur rótunum hafa orðin sem tilheyra þessari þröngt merkingarsvið. Ástæða þess að fyrrnefndu orðin hafa víðara merkingarsvið er í samræmi við það sem áður hefur komið í ljós – það er að segja í frumindóevrópsku voru orð sem tengdust birtu eða ljósi eða öðrum slíkum menningarlega mikilvægum hugtökum sérlega virk í afleiðslum. Enn fremur ber að hafa í huga að ræturnar *\*ghel-* og *\*bhel-* tákna huglægara hugtak (ljós, ljóma) en rótin *\*reudh-* sem hefur sennilega þýtt ‘rauður’ jafnvel á sínu elsta þróunar- eða merkingarstigi. Tengsl milli upphaflegu rótarinnar og afleiddra orða þykja fremur skýr og sjálfsgöð – hið sama gildir ekki um hinar tvær ræturnar. Með öðrum orðum hefur rótin *\*reudh-* alið af sér tiltölulega fá orð innan þröngs merkingarsviðs og tengslin milli hinna ólíku stofna þeirra virðast frekar skýr og einföld.



skýringarmynd 3




### §3.2.4 \*k̥ueid-

Skýringarmynd 4 sýnir rótina \*k̥ueid- og skyldar rætur, það er \*k̥ueit- og \*k̥ueis-. Þær virðast allar vera komnar af eldri rótarmynd \*k̥ueid- sem hefur verið augin með -d, -t eða -s. Grunnmerkingin hefur að öllum líkindum verið 'skína bjart'. Af rótarmyndinni \*k̥ueid- er germanska lýsingarorðið \*hwīta 'hvítur' komið. Af o-stigi rótarinnar var nafnorðið \*hwaitija 'hveiti' myndað. Upphaflega hefur það verið notað um korntegund sem einkennist af hvítum lit. Af \*k̥ueit- er fornindverska rótin \*švet- 'skína bjart' komin, sbr. rôtaraórist švet-/švit- og lýsingarorðið švetá- 'hvítur, bjartur, skínandi' (upprunalega gerandnafn í merkingunni 'skínandi'). Rótarmyndin \*k̥ueis- og o-stig hennar lifa áfram í litáísku nafnorðunum šviesà 'ljós' og švaisà 'ljósbjarmi'.

Germanska ættin virðist vera sú eina sem hefur -d- í þessari rót. Ásgeir Blöndal Magnússon segir um orðið *hvitill* 'hvít ullarabreiða' að það sé „e.t.v. [tökuorð] úr [fornensku] hwītel 'rúmabreiða', en það kann að skýra sérhljóðið -i- þar sem búast hefði mátt við -í-. Reyndar er hugsanlegt að myndin *hvitill* með -i- byggist einfaldlega á rithætti miðaldahandrits þar sem sérhljóðalengd var ekki táknuð.

Skýringarmyndin sýnir mjög einfalda trjágreiningu – eina rót og eina undirrót í o-stigi. Þetta er þveröfugt við það sem aldurskenningin spáði fyrir um – það er að segja orðin *svartur* og *hvítur* ættu að vera elst í tungumálinu og hafa því alið af sér fleiri undirrætur í tímans rás. Afleiðsluvirkni rótarinnar \*k̥ueid- er enn minni en rótarinnar \*reudh- sem er á efra þrepi á stigveldisskala Berlins og Kays. Þetta brýtur algjörlega í bága við aldurskenninguna. Hins vegar hefur þegar verið bent á að kenning Berlins og Kays um stigveldisröðun litarorða hlýtur að hafa átt við elsta stig tungumála, fyrir tilurð nútímalitarorða eins og *hvítur*. Þetta styður það að orðin sem þýddu upphaflega *ljós* sýna mesta afleiðsluvirkni, það er að segja ræturnar \*bhel- og \*ghel-. Hingað til hefur þó verið sýnt fram á að ræturnar sem merktu ekki upphaflega *ljós* hafi sýnt rúmlega álíka mikla afleiðsluvirkni.




skýringarmynd 4

### §3.2.5 \*sʷerd-

Skýringarmynd 5 sýnir rótina \*sʷerd- sem kemur fram bæði í o-stigi og hvarfstigi í germönsku. Indóevrópska hefur haft lýsingarorðsstofninn \*sʷordo- 'svartur' sem germanska \*swarta- er komið af. Af sama stofni má leiða sögnina *sordeō* 'ég er óhreinn' (< \*'ég er svartur') og nafnorðið *sordēs*, -is, kvk. 'óhreinindi, skítur' í latínu. Við hlið stofnmyndarinnar \*swarta- hefur germanska haft \*swurta- sem að öllum líkindum er indóevrópskur arfur. Ekki kemur til greina að þessi stofn sé leiddur af lýsingarorðinu \*swarta-, því að þá hefði hann ekki fengið hvarfstig rótar. Sennilega er \*swurta- einnig lýsingarorð að uppruna sem hefur verið nafngert í íslenska orðinu *surtur* 'svartur eða dökkur maður' (orðið kemur einnig fyrir sem viðurnefni, mannsnafn og goðfræðilegt jötunheiti í fornnorrænu). Merking þessa lýsingarorðs hefur einnig verið 'svartur'. Af germönsku stofnunum \*swarta- og \*swurta- má leiða öll orð í íslensku sem tilheyra þessari orðsift, sbr. slýringarmynd 5.

Þó svo að rótin sýni örlítið meiri afleiðsluvirkni heldur en rótin \**k̥uei-*, þá eru þessar þrjár rætur, \**k̥ueid-*, \**s̥uerd-* og \**reudh-* í sama flokki að því er afleiðsluvirkni varðar, og þaraf leiðandi einnig aldur (samkvæmt aldurskenningunni). Hins vegar hefði mátt búast við þessu af rót fyrir orð eins og *svartur*. „Darkness has a much more limited vocabulary associated with it.“ (J. P. Mallory & D. Q. Adams 2006). Þetta leiðir til sömu niðurstöðu um gildi kenningar Berlin og Kay og hinar afleiðslusnaudu ræturnar – kenningin hefur sennilega átt við hið allra fremsta þróunarstig litarorðaforða ákveðins tungumáls eða tungumálaættar. En eins og J.P. Mallory og D.Q. Adams benda á, þá virðist svartur liturinn vera undanþeginn þeirri kröfu um meiri afleiðsluvirkni þar sem orðin sem táknuðu birtu eða ljós voru virkari heldur en þau sem táknuðu dimmu eða myrkur í frumindó-evrópsku.



### §3.3 Niðurstaða

Samkvæmt kenningu Berlins og Kays um stigveldisröðun grundvallarlitarorða ættu sum orð að hafa þróast á undan öðrum, nefnilega orðin *hvítur* og *svartur*. Aldurskenningin sem var sett fram hér spáir fyrir um að orðin sem eiga að þróast í öllum tungumálum og á undan öðrum í myndunarferli litarorðaforða ættu að sýna einkenni eldri orða, það er að segja meiri fjölbreytileika í afleiðsluáferðum og einnig meiri afleiðsluvirkni. Út frá þessu var búist við því að skýringarmyndirnar fyrir orðin *svartur* og *hvítur* sýndu fleiri undirrætur og afleiðsluáferðir en orðið *rauður*, og að orðið *rauður* sýndi fleiri undirrætur og afleiðsluáferðir en orðin *blár* og *bleikur*. Hins vegar samræmast skýringarmyndirnar kenningunum lítið. Meiri afleiðsluvirkni og fjölbreytileiki í afleiðsluáferðum fundust, en ekki þar sem spáð var fyrir.

Rótin *\*bhel-* elur af sér sjö rætur sem myndast með mismunandi hætti, en engin þeirra afleiðsluáferða þykir virk í nútímaíslensku, enda má rekja þær til frumindóevrópsku eða enn eldra málstigs. Merkilegt við rótina er einnig það að af henni eru komin tvö grundvallarlitarorð, nefnilega *blár* og *bleikur*.

Sama er að segja um rótina *\*ghel-* sem sýnir miklu meiri afleiðsluvirkni og breytileika í afleiðsluáferðum en hinar tvær ræturnar. Hins vegar var bent á að þetta kynni að stafa af hljóðrænu táknmáli, sem vítt merkingarsvið styður. Eins og *\*bhel-* hefur rótin *\*ghel-* leitt af sér tvö litarorð, en einungis annað þeirra, gulur, telst til grundvallarlitarorða samkvæmt kröfum Berlins og Kays.

Þriðja rótin, *\*reudh-*, sýnir tiltölulega minni breytileika og afleiðsluvirkni en *\*bhel-* og *\*ghel-*. Rótin spannar þröngt merkingarsvið og spanna afleiddu orðin mjög þröngt merkingarsvið sem fer varla út fyrir eiginlega merkingu litarorðsins, en til eru dæmi um orð sem hafa merkt bæði 'rauður' og 'brúnn' í þróunarferli sínu. Til dæmis er finnska *punainen* 'rauður' leitt af orðinu *puna* '(brúnn) feldur', en upprunalega orðið fyrir 'rauður' var *ruskea* sem merkir nú 'brúnn' á finnsku en 'rauður' á samísku (Hakulinen 1961).

Fjórða og fimmta rótin, *\*k̥ueid-* og *\*s̥uerd-* sýna samskonar breytileika og afleiðsluvirkni og rótin *\*reudh-*, þó svo að það sé þveröfug niðurstaða við það sem kenning Berlins og Kays spáir fyrir um, það er að segja orðin *svartur* og

*hvítur* komi á undan öllum öðrum litarorðum, og ættu því að sýna hærri aldur með mikilli afleiðsluvirkni. Allar þrjár rætur hafa upprunalega rót og síðan eina afleidda rót í o-stigi eða hvarfstigi. Annað atriði sem brýtur í bága við kenninguna er það að rótin \**suxerd-* virðist upphaflega hafa táknað svarta litinn, þar sem \**bhel-* og \**ghel* eiga að hafa þýtt 'bjartur' eða 'ljós' (sem eru ekki grundvallarlitarorð). Þetta staðfestir enn fremur það að aldurskenningin hlýtur ekki stuðning frumgermönsku. Hefði rótin \**suxerd-* upphaflega merkt eitthvað sem tengist *myrkri* eða *dimmu* hefði getað verið rök fyrir því að orðið sýni svo litla afleiðsluvirkni vegna þess að það hafi upprunalega ekki beinlínis verið litarorð. En þessi rök gilda einnig fyrir afleiðsluvirkustu ræturnar, \**bhel-* og \**ghel*.

Þegar þetta er skoðað út frá þeim forsendum sem ég setti hér fram, það er að segja að aukin afleiðsluvirkni samsvari auknum aldri, virðist það staðfesta kenningu Berlins og Kays um að einfaldari grundvallarlitarorð komi á undan þeim flóknari í þróun orðaforðans. Hins vegar samræmist íslenski litarorðaforðinn ekki því sem búast hefði mátt við út frá kenningu Berlins og Kays – að þróun litarorða lúti einhvers konar stigveldisröðun. Berlin og Kay spáðu fyrir um að orðin þróuðust í þeirri röð sem gerð var grein fyrir í innganginum, en í tilfalli íslenskunnar er nokkuð augljóst að þessi þróunartímaröð á ekki við þar sem orðin *blár* og *gulur* virðast vera eldri en til dæmis orðið *hvítur*, en skylt því eru *hvíti*, *hvítungur* og *hveiti*, sem sýnir minni fjölbreytileika í rótum (*hvít-* og *hveit-*), líkt og rótin \**reudh-* (rauð-, reyn-, roð-, ryð- og ros- eru öll komin af tveimur rótum) . Einnig var komist að því að orðin *blár* og *bleikur* eru bæði leidd af rótum sem merktu upprunalega eitthvað sem tengist ljósi (fyrsta þrep á stigveldisskalanum), en það styður kenningu Berlins og Kays en þó ekki nema á efsta þróunarstigi orðaforðans í frumindóevrópsku.

Hér hefur ekki verið greint frá því hvort sýna mætti fram á að kenning Berlin og Kay eigi einnig við orð sem eru enn ofar á skalanum. En það er reyndar óþarfi, þar sem stigveldisröðunin sem var kynnt í innganginum á ekki við íslensku. Það er hugsanlegt að hún hafi átt við elsta þróunarstig (frumgermönsku eða) frumindóevrópsku, en nútíma litarorðaforði í íslensku samræmist ekki þeirri hlið kenningar Berlins og Kays. En út frá því sem hér hefur verið skoðað er ekki hægt að sýna fram á að kenning Berlins og Kays eða aldurskenningin standist. Hins vegar er hægt að breyta kenningunum tveim svo þær samræmist því sem hér hefur verið sýnt fram á og á við íslensku með því að segja eftirfarandi:

Litarorð sem tákna ljós eða birtu sýna miklu meiri afleiðsluvirkni en nokkur önnur litarorð og því má draga þá ályktun að þau orð hafi leitt af sér ný orð í tímans rás með afleiðsluaðferðum sem eru ekki lengur virkar í dag og séu þaraf leiðandi séu eldri.

Þessi kenning samræmist því sem hér kom í ljós. Litarorð eru misgömul og sum hafa alið af sér gríðarlegan fjölda róta og orða. Þau munu vera orðin sem táknuðu upprunalega ljós eða birtu. Afleiðsluvirkni annarra litarorða virðist vera svipuð óháð því hver liturinn er.

#### §4 Ný orð

Hér að ofan var hugað að aldri grundvallarorðaforða í íslensku með tillit til þróunar rótanna og fjölda þeirra. Þar var sýnt fram á að orð sem hafa verið leidd af rótum sem báru merkingu svipaða og einföldustu litarorðin á stigveldi Berlins og Kays eru eldri. Nú verður vikið að þeim litarorðum í íslensku sem hafa nýlega verið tekin upp í málinu, uppruna þeirra og einnig verður athugað hvers konar áhrif þau hafa haft á íslenska tungu.

En fyrst þarf að skilgreina það sem hér er kallað nýtt orð. Höfuðeinkenni nýs orðs er það að vera tiltölulega nýtilkomið í málinu. Nýtt orð getur einnig samanstðið af gömlum orðstofni og tökuorði. Sem dæmi um þá tegund nýrra litarorða má nefna *appelsínugulur* og *purpurarauður*. *Appelsínugulur* samanstendur af *appelsínu-* og *-gulur*, þar sem *appelsína* er „nýtt“ íslenskt orð og *gulur* er gamalt orð í íslensku. Hið sama gildir um orðið *purpurarauður*, en það samanstendur af *purpura-* sem er tökuorð og *-rauður* sem er gamalt orð í íslensku. *Appelsína* og *purpuri* eru sjálfstæð orð, en það er nokkuð augljóst að þau orð eru ekki upprunalega íslensk – fleirkvæð orð sem ekki er hægt að greina í ósamsett orð eru sjaldan upprunalega íslensk (þó má finna dæmi um þau, til dæmis *urriði*, en upprunalega var það *aurriði*, það er að segja fiskur sem er með rið [hrygningarstöð] í eyri [aur]). Vegna þess að áherslan í íslensku er alltaf á fyrsta atkvæði orðs ætti því öllum að þykja augljóst að ekki er hægt að greina orðið *appelsína* á annan hátt en *appel-* annars vegar og *-sína* hins vegar, til dæmis *\*app-* og *-elsína*, enda er orðið borið fram [ˈaʰpɛlˌsina] og ekki \*[ˈaʰp

[,elsina]. Sama má segja um orðið *purpuri*, en er þó ekki samsett, enda ekki með aukaáherslu (borið fram [ˈpʰʏrpʏrɪ] en ekki \*[ˈpʰʏrp,ʏrɪ]).

*Appelsínugulur* og *purpurarauður* eru í listanum um grundvallarorðaforða um liti í íslensku, en hér var sýnt fram á að þau er frekar ný orð í íslensku. Ásgeir Blöndal Magnússon segir að orðið *appelsína* sé tökuorð úr dönsku *appelsin* sem sjálft væri komið úr lágpýsku *appelsina*, en hann segir: „orðið merkir eiginl. ‘kínaepli’“ (Ásgeir 2008:22). Samkvæmt Ritmálssafni Árnastofnunar var orðið *appelsína* fyrst notað í skrifuðu máli árið 1858 í bókinni *Sonur gullsmiðsins á Bessastöðum. Bréf til Gríms Thomsens og varðandi hann 1838-1858* eftir Finn Sigmundsson í myndinni *abelsínurnar*. Orðið *appelsínugulur* kemur ekki fyrr en árið 1965 í bókinni *Alfræðasafn AB*. Óhæpið er þó að segja að orðið hafi verið í notkun í þónokkurn tíma fyrir birtingu þess í ritmáli, en ekki er þó hægt að segja hvenær það var fyrst tekið upp í íslensku talmáli. Sama má segja um orðið *purpurarauður*, sem Ásgeir Blöndal Magnússon segir tökuorð úr forngrísku *πορφύρα* ‘purpurasnigill (tegund skeldýra)’ í gegnum latínu *purpura* ‘skelfiskur’ eða ‘purpurarautt litarefni’ (Ásgeir 2008:730). Fyrsta dæmi um orðið *purpurarauður* er að finna í bókinni *Rit þess Íslenska Lærdóms-Lista Felags I-XV* frá síðari hluta 18. aldar samkvæmt ritmálssafni Árnastofnunar.

Önnur ný litarorð í íslensku eru mörg og stundum er óljóst hvort eigi að líta á þau sem hluta af íslenskum orðaforða eða slettu, en Íslensk orðabók í ritstjórn Marðar Árnasonar segir að sletta sé „erlent orð eða orðasamband sem ekki nýtur viðurkenningar í viðtökumálinu vegna ónógrar aðlögunar að hljóð- eða beygingakerfi eða annars konar framandi einkenna“ (Mörður 2002). Sem dæmi um óviðurkennd litarorð má nefna orðið *beis/beige*. Hvorug stafsetningin finnst í Ritmálssafni Árnastofnunar né í Íslenskri orðabók, en orðið heyrir þó í töluðu máli og er oftast ekki fallbeygt. Samheitið *drapplitaður* (eða *drapplitur* sem nafnorð og lýsingarorð) er einnig nýlegt tökuorð úr dönsku *drap*, sem er sjálft tökuorð úr ensku *drab* sem var tekið inn í málið úr frönsku, þar sem það þýðir í dag *borðdúkur* eða *rúmlak*. Fyrsta dæmi um orðið *drapplitur* (sem nafnorð) í ritmáli er frá árinu 1877 í bókinni *Stutt litunarbók handa konum* (höfundur ónafngreindur).

Annað slíkt dæmi um orð sem telst til nýrri laga íslensks litarorðaforða er *fjólublár*. Samkvæmt Ritmálssafni Árnastofnunar er fyrsta dæmið um notkun

orðsins frá árinu 1798 í ritinu *Sá gudlega þenkjandi Náttúru-skodari*<sup>1</sup> eftir P. F. Suhm, þýtt af Jóni Jónssyni. Ásgeir Blöndal Magnússon segir í Orðsifjabókinni að orðið *fjóla* sé „[tökuorð] e.t.v. úr [dönsku] *viol, fiol*, ættað úr [latínu] *viola*, líkl. leitt af [grísku] *íon* (< *víon*) [...]“ (Ásgeir 2008:181). Hann segir einnig að orðið sé frá 17. öld. Þótt orðið teljist ekki til grundvallarlitarorðaforða samkvæmt Berlin og Kay er það samt sem áður merkilegt fyrir að eiga sér samsvarandi myndir í mörgum öðrum evrópskum tungumálum sem tákna sama litinn – litarorð sem draga nöfn sín upprunalega af blómi af fjóluætt (lat. *viola*), til dæmis enska (*violet*), danska (*violet*), þýska (*Violett*), franska (*violet*) og finnska (*violetti*). Orðið breiddist út sem tökuorð í gegnum ensku eða frönsku, en í sumum tilfellum var það ekki blóm af fjóluætt sem litarorðið er dregið af heldur blóm af liljuætt (lat. *liliaceae*), til dæmis á norsku (*lilla*). Þessi þróun er ekki ólík þróun orðsins *appelsínugulur*, þar sem nafn litarins var dregið af ávexti í flestum evrópskum tungumálum; katalanska (*taronja*), danska (*orange*), þýska (*Orange*), spænska (*naranja*), baska (*laranja*), franska (*orange*), ítalska (*arancione*) og rússneska (*оранжевый, oranževyj*). Sama má segja um orðið *bleikur* í evrópskum tungumálum, en í því tilviki nafn litarins var dregið af blómi af rósaætt (lat. *rosa*), til dæmis þýska (*Rosa*), spænska (*rosa*), franska (*rose*), ítalska (*rosa*), ungerska (*rózsaszín*) og pólska (*róż*). Íslenska er þá nokkuð sérstök að því leyti að hún hefur orð fyrir bleika litinn sem dregur ekki nafnið sitt af blómi eða plöntu (enska gerir það líka, en *pink* er blómaætt [lat. *dianthus*, hjartagrasaætt]).

Af hinum 11 grundvallarlitarorðum í íslensku eru tvö, *appelsínugulur* og *purpurarauður* sem eru af erlendum uppruna. Fyrir vikið eiga þau ekki að teljast til grundvallarlitarorðaforða í íslensku samkvæmt þeim kröfum sem Berlin og Kay gera orðunum í rannsókn sinni, en samkvæmt þeim eiga orðin sem samanstanda af fleirum en einu lesi ekki að vera talin til grundvallarlitarorðaforða. Bæði *appelsínugulur* og *purpurarauður* samanstanda af tveimur lesum, það er að segja *appelsínu-* og *purpura-*, en þessi forskeyti eru sjálfstæðar merkingarbærar einingar (sem og nafnorð í eignarfalli). Einnig brjóta orðin tvö í bága við kröfuna um að merking litarorðsins fyrirfinnist ekki innan í neinu öðru litarorði, þar sem bæði *appelsínugulur* og *purpurarauður* innihalda

<sup>1</sup> Fullu nafnið heitir ritið *Sá gudlega þenkjandi Náttúru-skodari, það er, Hugleiding yfir byggingu Heimsins, edur, handaverk Guds á himni og jordu : ásamt annari hugleidingu um dygdina. Utdregnar af Ritsöfnum ... Péturs Frideriks Súhms, og á Íslensku útlagðar af Jóni Jónssyni*



einfaldari litarorð (*gulur* og *rauður*). Út frá þessari skilgreiningu hefur íslenska þá 9 grundvallarlitarorð; *svartur*, *hvítur*, *rauður*, *grænn*, *gulur*, *blár*, *brúnn*, *bleikur* og *grár*.

## §5 Sérstaða litarorðaforði í íslensku innan indó-evrópsku ættarinnar

Til að gera grein fyrir litarorðaforða íslenskrar tungu þarf að bera hann saman við orðaforða viðkomandi skyldra tungumála. Nú verður hugað að því hver sérstaða íslensks orðaforða um liti er innan indó-evrópsku ættarinnar.

Berlin og Kay flokkuðu tungumálin í rannsókn sinni eftir fjölda grundvallarlitarorða í sjö flokka. Fyrsta stiginu tilheyra þau tungumál sem hafa einvörðungu orðin *svartur/dimmur* og *hvítur/ljós* sem uppfylla kröfurnar um grundvallarlitarorð. Rannsóknin bendir til þess að slík tungumál hafi fyrirfundist aðeins í Nýju Gíneu. Málvísindamaðurinn Daniel Everett, sem hefur fjallað ítarlega um brasílíska tungumálið Pirahã, heldur því fram að það hafi líka aðeins orðin *dimmur* og *ljós*. Þetta er þó umdeilt vegna þess að rannsóknir hans eru megnið af rannsóknunum og þekkingu á Pirahã. Annars stigs tungumál hafa orð um *rauður* – slík tungumál eru í Ástralíu, Afríku, í Suður-, Mið- og Norður-Ameríku. Þriðja stigs tungumál hafa annaðhvort orð um *grænn* eða *gulur*, en tungumál á fjórða stiginu hafa bæði orðin – þessi tungumál er að finna í Vesturheimi og Afríku, til dæmis í mörgum Mayan tungumálum. Fimmta stigs tungumál fyrirfinnast víðar um heiminn en þau hafa orð um *blár*. Á sjötta stiginu hafa tungumál orð um *brúnn*, en í rannsókn Berlins og Kays er það stig frekar sjaldgæft, en þau eru aðallega í Suður-Indlandi, Afríku og í Norður-Ameríku. Síðasta stigið er það sjöunda – tungumál með orð fyrir *bleikur*, *appelsínugulur*, *grár* eða *purpurarauður* tilheyra því – það er að segja tungumál með 8 til 12 grundvallarlitarorð.

Íslenska, eins og gerð hefur verið grein fyrir, tilheyrir þessum flokki með 9 grundvallarlitarorð. Hana vantar *appelsínugulur* og *purpurarauður* þar sem þau orð uppfylla ekki kröfurnar sem Berlin og Kay settu fram um hvaða orð teljist til grundvallarlitarorða. Til viðmiðunar halda Berlin og Kay því fram að enska hafi 11 grundvallarlitarorð, gríska 5, rússneska 12, spænska 11 og, utan indóevrópsku ættarinnar, ungverska 12 og japanska 11. Þessar tölur varpa ljósi á stöðu íslensku innan indóevrópsku ættarinnar, en hún virðist sú að íslenska hafi miðlungsmikinn litarorðaforða.

Ef litið er fram hjá þeim kröfum sem ógilda orðin *appelsínugulur* og *purpurarauður*, þá vantar íslensku eitt litarorð til þess að vera meðal þeirra tungumála sem hafa ríkastan litarorðaförða. Í tilviki rússnesku og ungersku er einn litur aðgreindur aukalega – rússneska hefur tvö orð fyrir bláa litinn, *голубой* (*golyboj*) og *синий* (*sinij*), en ungerska hefur tvö orð um rauða litinn, *piros* og *vörös*. Þessi aukaáðgreining á einum lit er einnig til í írsku (og gælísku), þar sem tvö orð eru til um græna litinn, *glas* og *uaine*. Í rússnesku felst greinarmunurinn í því að *голубой* lýsir ljósbláum lit en *синий* dekkri bláum lit. Í ungersku er munurinn á *piros* og *vörös* flóknari, en bæði orðin eru tengd blóði – *vörös* er samstofna orðinu *vér* ‘blóð’ en *piros* er samstofna orðinu *pir* ‘roðnun’. Bæði orðin geta lýst lit rósarinnar, en *piros rózsa* táknar þá rauða rós sem merki um ást, en *vörös rózsa* táknar rauða rós sem merki um vandræði (Biggam 2006).

Íslenska er jafnfær um að tákna dökkbláan sem ljósbláan lit og rússneska, þótt hún noti fleiri orð. Hins vegar hefur tilvera sérstaks orðs um ljósbláan lit kannski leitt til aukinnar notkunar á því í málinu. Það væri því hugsanlegt að halda því fram að vegna þess að rússneska hefur orð fyrir *ljósblár* innan grundvallarlitarorðaförða sínum þá eigi hún það til að nota það oft en íslenska notar orðið *ljósblár*. Því miður er ekki hægt að sanna eða afsanna það hér vegna skorts á samanburðartölfræði um notkun lita í íslensku og rússnesku.

Sjálfur get ég þó talað um eigin reynslu af litarkerfi móðurmáls míns, Québec-frönsku, í samanburði við íslensku. Mállýska mín virðist vera nokkuð frábrugðin staðalfrönsku á sviði litanna. Merkilegasta dæmið um hvernig mállýska mín er ólík Frakklandsfrönsku eða jafnvel íslensku er að Québec-franska notar orðið *mauve* ‘ljóspurpurarauður’ fram yfir orðið *violet* ‘fjólublár’ fyrir lit sem ég myndi kalla *bleikan*, *fjólubláan*, *purpurarauðan* eða jafnvel *dökkbláan* á íslensku. Frakklandsfranska gerir þó skýran greinarmun á *mauve* og *violet*, enda staðaltungumál fyrir hinn frönskumælandi heim. Vegna þess að við miðum helst við Frakklandsfrönsku þegar við lærum, lesum og skrifum í Québec, þá hefur þessi munur á orðunum *mauve* og *violet* (og jafnvel *rose* ‘ljósbleikur’) verið mér óskýr, þar sem móðurmál mitt virðist tilheyra millistigi þar sem báðir litir eru til, en greinarmunurinn er sjaldnast gerður. Þess vegna á ég erfitt með að skilja hvað Íslendingar eiga við með orðunum *fjólublár*, *bleikur* og *purpurarauður*. Annars gerir franska aukagreinar munur á rauðum lit sem íslenska gerir ekki –

rautt hár er ekki kallað *rouge* 'rauður' heldur *roux*, sem á einuningis við rauða litinn á hári, og það má gera ráð fyrir því að Íslendingur sem lærir frönsku eigi álíka erfitt með að gera þennan greinarmun á *rouge* og *roux* og ég með að gera greinarmun á *bleikur*, *fjólublár* eða *purpurarauður*.

Þessi reynsla af því að vita að tiltekinn litur er til, en að málhafinn telji það vera utan grundvallarlitarorðaforða síns, hlýtur að vera sú sama í augum Íslendinga sem lærir ungversku, eða málhafa litarorðasnaudaða tungumáls sem er að læra íslensku. Íslenska býður upp á fleiri litarorð en móðurmál mitt, og þessi aukaágreining er ekki jafnvirk hjá mér og þeim sem tala tungumál þar sem orðin eru aðgengilegri. Svo virðist sem grundvallarlitarorðaforði móðurmáls takmarki að nokkru leyti hversu oft maður notar þau orð sem eru utan grundvallarorðaforðans um liti í móðurmáli sínu en innan þess í því erlenda máli sem maður talar. Það sama má segja um hinn gríðarlega mikla orðaforða um hljóð í finnsku – málhafar sem hafa finnsku að móðurmáli ættu að þykja líklegri til að nota meiri orðaforða um hljóð en málhafar annars máls, til dæmis íslensku, þar sem orðaforði um hljóð er minni. Þetta samræmist fullkomlega eigin reynslu af því að læra og tala finnsku – þó svo að ég skilji orðin um hljóð er þessi orðaforði alls ekki jafnvirkur hjá mér, jafnvel þótt ég tali finnsku reiprennandi.

Íslenska hefur í orðaforða sínum um grundvallarliti sérstakt orð um lit sem dregur nafn sitt af blómi eða plöntu á fjölmörgum evrópskum tungumálum. Innan sem utan indóevrópsku málaættarinnar hefur íslenska frekar mörg grundvallarlitarorð, en þó hafa tungumál eins og rússneska, ungverska og írka aukaágreiningu á lit sem íslenska hefur ekki. Íslenska tilheyrir því þeim flokk tungumála sem hafa allra ríkasta litarorðaforða í heiminum, þrátt fyrir skort á aukagreinar mun á einum grundvallarlitanna. Ef draga má ályktun af reynslu minni af Québec-frönsku sem móðurmáli, sem gerir ekki greinarmun á fjólubláum og purpurarauðum (og/eða bleikum) lit, mætti halda því fram að málhafar sem hafa ekki tiltæk orð um ákveðinn lit eigi það til að nota ekki þann lit í erlendu máli sem gerir greinarmun á þeim lit, eða þá eigi erfitt með að gera þennan greinarmun.

## §6 Lokaorð

Með þessari ritgerð vildi ég kanna einn huglægasta hluta orðaforða hvers tungumáls – litarorðaforðann. Litir eru huglægir vegna þess að það er ekki hægt að afmarka þá án þess að nota vísindaleg tæki til að mæla bylgjulengd hvers litar. Það eru rök fyrir því að ekkert slíkt sé til sem kallast blár litur – frekar er um marga liti að ræða sem flokkast undir bláa litinn en hann er margsinnis hægt að skilgreina á marga lund: *dökkblár*, *himinblár*, *ljósblár*, og svo framvegis. Enda er í daglegu máli oft ekki gerð grein fyrir nákvæmari einkennum lita. En hvert tungumál flokkar liti á sinn hátt. Sum tungumál flokka allt sem er blátt eða grænt undir eina og sama litinn. Það er gríðarlega mikill fjölbreytileiki í því hvers konar litarorðaforða tungumál hafa – og þessi fjölbreytileiki fyrirfinnst einnig í einstaklingum, sem hafa mismunandi skilning á litum.

Hér var unnið úr kenningu sem var sett fram af þeim Brent Berlin og Paul Kay árið 1969 í hinu fyrsta og umfangsmesta rannsóknarverkefni um dreifingu litarorða í fjölda tungumála. Kenning þeirra er sú að til er einhvers konar stigveldisröðun sem á við öll tungumál í heiminum – öll tungumál sem hafa orð um ákveðinn lit hafa (þaraf leiðandi) einnig orð um ákveðna liti. Fyrstu litirnir sem öll tungumál eru sögð hafa eru *svartur* og *hvítur*. Út frá þessari kenningu var hér sett fram ný kenning sem kölluð var aldurskenningin – ef litarorð sýna stigveldisröðun í tungumálum er rökrétt að halda því fram að sum litarorð hafi þróast á undan öðrum. Forsendan sem kenningin mín byggðist á var sú að þau litarorð sem eru algengust í öllum tungumálum ættu að vera eldri en önnur sem þróuðust seinna. Einnig var gert ráð fyrir því að ef orð væru eldri en önnur ættu orðsifjar þeirra að afhjúpa flóknara þróunarferli, það er að segja meiri tilbreytileika í afleiðsluaðferðum og meiri afleiðsluvirkni. Því rætur sem hafa verið lengur til í tungumáli hljóta að hafa orðið fyrir fleiri breytingum og afleiðslum. Til eru þó dæmi um orð sem eru talin tilheyra ábyggilega elsta lagi orðaforða í frumindóevrópsku og sem sýna mikinn stöðugleika; indóevrópska *\*māter-* ‘móðir’ eða *\*gʷou-* ‘naut, kýr’ hafa ekki tekið neinum grundvallarbreytingum.

Fimm rætur í frumindó-evrópsku voru teknar sem dæmi, en þær voru *\*bhel-* ‘ljóma’, *\*ghel-* ‘skína’, *\*reudh-* ‘rauður’, *\*kʷeid-* ‘hvítur’, og *\*sʷerd-* ‘svartur’. Samkvæmt kenningu minni, sem byggðist á athugun Berlins og Kays, ættu ræturnar *\*kʷeid-* ‘hvítur’ og *\*sʷerd-* ‘svartur’ að sýna einkenni eldri orða –

meiri afleiðsluvirkni, fleiri afleiðsluaðferðir og fleiri afleiddar rætur (hér kallaðar undirrætur). Hins vegar var niðurstaðan sú að orðin sem táknuðu upprunalega ljós eða birtu, það er að segja ræturnar *\*bhel-* 'ljóma' og *\*ghel* 'skína' og undirrætur þeirra sýndu þá afleiðsluvirkni og fjölbreytileika í afleiðslum sem búast hefði mátt við af rótunum *\*k̥ueid-* 'hvítur' og *\*s̥uerd-* samkvæmt aldurskenningunni. Því er greinilegt að kenningin spáði ekki rétt fyrir um þetta. Fyrir vikið var sett fram ný kenning sem samræmdist niðurstöðunni, en hún segir að þau orð sem hafa upprunalega táknað ljós eða birtu (innan indóevrópsku málaættarinnar) ættu að vera elst. Þetta samræmist nokkurn veginn kenningu Berlins og Kays um að einfaldari litarorð væru algengust og því elst. Hins vegar gilti kenningin ekki um íslenskan eða frumindóevrópskan litarorðaforða vegna þess að ræturnar *\*reudh-* og *\*k̥ueid-* 'hvítur' og *\*s̥uerd-* sýna allar álíka mikla afleiðsluvirkni og því aldur. Þess vegna var kenningunni breytt til að hún gilti einvörðungu um einföldustu orð um lit eða sjón.

Síðan var gerð grein fyrir sérstöðu íslensks litarorðaforða og sérstaklega fyrir nýrri orðum í málinu. Sem dæmi voru tekin orðin *appelsínugulur* og *purpurarauður*, sem tilheyra bæði grundvallarlitarorðum í rannsókn Berlin og Kay, sem og orðið *fjólublár*. Orðin þrjú eru ný í íslensku, en þróun þeirra á sér hliðstæður í öðrum evrópskum tungumálum, og þá sérstaklega orðin *fjólublár*. Komist var að því að íslenska er ólík fjölmörgum evrópskum tungumálum að því leyti að hún hefur ekki leitt orðið um bleika litinn af blóma- eða plöntuheiti. Sýnt var fram á að orðin *appelsínugulur*, *purpurarauður* og *fjólublár* ásamt *beis/beige* eru ný, enda eru forliðir þeirra úr lágbýsku, grísku og latínu. Með þessum upplýsingum var komist að því að íslenska hefur níu grundvallarlitarorð, en þau eru *svartur*, *hvítur*, *rauður*, *grænn*, *gulur*, *blár*, *brúnn*, *bleikur* og *grár*. Íslenska tilheyrir því þeim flokki tungumála sem hafa mestan fjölda litarorða eða mestan litarorðaforða. Ef tökuorðin *appelsínugulur* og *purpurarauður* eru talin gild grundvallarlitarorð má segja að einungis tungumál sem gera greinarmun á einum grundvallarlit, til dæmis ungverska með tvo rauða liti (*piros* og *vörös*) eða írski með tvo græna liti (*glas* og *uaine*), hafa fleiri grundvallarlitarorð en íslenska.

Einnig var hugað að því hvernig munur á grundvallarlitarorðaforða í Québec-frönsku, móðurmáli mínu, og öðrum málum virðist valda tilhneigingu hjá mér til að nota aðeins þá liti sem eru tiltækir innan þessa grundvallarlitarorða í móðurmáli mínu jafnvel þegar ég tala íslensku eða ensku. Sérstaklega var hér

fjallað um skort á greinarmun á purpurarauðum og bleikum lit í Québec-frönsku (báðir litir eru kallaðir *mauve*) og áhrifin sem þessi skortur hefur á íslensku mína, nánar tiltekið á orðaval mitt þegar kemur að því að tala um bleika eða purpurarauða hluti – ég notast helst við orðið *bleikur* þótt liturinn sem ég á við sé líkari purpurarauðum eða fjólubláum lit. Út frá þessu var dregin sú ályktun að grundvallarlitarorðaforði í móðurmáli manns takmarki að nokkru leyti hvaða litarorð maður notar í erlendu máli – maður notar helst þau orð sem eru innan grundvallarlitarorðafórða móðurmálsins og forðast þau sem eru utan hans í öðrum tungumálum.

Markmið þessarar ritgerðar var að svara spurningum um uppruna og sérstöðu íslensks litarorðafórða og einnig um það hvernig maður upplifir tungumál sem býður upp á fleiri litarorð en móðurmál hans.

## §7 HEIMILDASKRÁ

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 2008. *Íslensk Orðsifjabók*. Orðabók Háskólans.
- Berlin, Brent og Paul Kay. 1969. *Basic Color Terms*. University of California Press, Berkeley.
- Biggam, C.P. og C.J. Kay. 2006. *Progress in Colour Studies Vol. 1, Language and Culture*. University of Glasgow.
- Campbell, Lyle. 2004. *Historical Linguistics, an Introduction*. Edinburgh University Press.
- Hakulinen, Lauri. 1961. *Uralic and Altaic Series Vol. 3, Structure and Development of the Finnish Language*. John Atkinson (þýðandi). Indiana University Publications.
- Heidmanns, Frank. 1993. *Etymologisches Wörterbuch des germanischen Primäradjektive*. De Gruyter, Berlin.
- Mallory, James Patrick og Douglas Q. Adams. 2006. *Oxford Introduction to Proto-Indo-European and the Proto-Indo-European World*. Oxford University Press.
- Watkins, Calvert. 2000. *American Heritage Dictionary of Indo-European Roots, the. 2. útg.* Houghton Mifflin, Boston.